

# Skýrsla forstjóra Svanhildar Konráðsdóttur

## Tími sjálfbærni og sóknar



Í minni skýrslu mun ég fara yfir framlagðan ársreikning samstæðu Hörpu, greina frá helstu atriðum í kjarnastarfsemi okkar á síðasta ári og að lokum kynna nýja árs- og sjálfbærnisráðgjafarýrslu Hörpu sem gefur dýpri og breiðari sýn á starfseminu og undirstrikar skuldbindingu okkar til sjálfbærrar framtíðar. Síðasta ár var á margan hátt sögulegt. Afléttingar samkomutakmarkana vegna heimsfaraldursins skiptu sköpum fyrir rekstur Hörpu eins og formaður stjórnar fór

vel yfir í sínu erindi. Eftir tvo viðburðalaus mánuði hófst starfsemin aftur af undraverðum þrótti sem heldur bætti í eftir því sem leið á árið og leiddi til mun meiri umsvifa en hægt var að ímynda sér svo fljótt eftir 2 erfið ár í heimsfaraldri. Langt fram eftir ári bjuggum við okkur undir bakslag sem myndi setja okkur aftur á byrjunarreit.

Ársreikningurinn sem hér er fram lagður og ég mun nú fara yfir í stórum dráttum, talar sínu máli hvað þetta áhrærir.

Ársreikningurinn inniber samstæðuna Hörpu ohf. þ.e. móðurfélagið Hörpu og dótturfélögin þrjú sem eru Greiðslumiðlunin Hringur ehf. sem er í 100% eigu Hörpu, Rekstrarfélagið Stæði slhf. sem sér um rekstur á bílastæðahúsi Hörpu og er 77,1% í eigu Hörpu á móti 22,9% hlutdeild Eignasjóðs Reykjavíkurborgar og loks Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf. sem sér um skipulagningu viðburða á vegum hússins og er að fullu í eigu Hörpu.

Áritun endurskoðenda er fyrirvaralaus og staðfestir að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2022, efnahag 31. desember og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög og settar reikningssskilareglur.

### **Rekstrarreikningur samstæðu**

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 365 milljón króna árið 2022, samanborið við 122 milljónir króna árið 2021.

Tekjur af starfseminni námu rúmum 1.593 milljónum samanborið við rúmar 782 milljónir króna árið 2021, en voru fyrir áhrif Covid árið 2019 - 1.209 milljónir og nemur hækkunin frá þeim tíma 32%.

Rekstrarframlag frá eigendum nam í upphafi árs 450 milljónum króna auk tekjufærðs mismunar vegna fjármögnunarsamnings að fjárhæð 25,3 milljónir króna. Vegna íþyngjandi áhrifa heimsfaraldursins og algjörs ófyrirsjáanleika náðust samningar um viðbótarframlög að fjárhæð 281 milljónir króna.

Alls námu því tekjur samstæðunnar rúmum 2.351 milljónum króna og er það 784 milljóna króna hækkun frá fyrra ári.

### **Gjöld**

Rekstrargjöld samstæðunnar námu rúmum 1.986 milljónum króna og jukust um 37,4% eftir að hafa dregist verulega saman árin á undan vegna samkomutakmarkana og víðtækra aðhaldsaðgerða á tímum heimsfaraldursins.

Á árinu var gjaldfært ógreitt skipulagsgjald að fjárhæð 134 m.kr. sem er 0,3% af brunabótamati fasteignar. Harpa var ekki fullbyggð þegar húsið var tekið í notkun og af þeim orsökum auk ágreinings um fasteignamat, hefur lokaúttekt ekki farið fram. Gjaldfærð fjárhæð er byggð á áætluðu brunabótamati. Gert er ráð fyrir að ljúka málinu á árinu 2023.

Samkvæmt nánari sundurliðun var húsnæðiskostnaður alls 719 milljónir króna og hækkaði um 124 milljónir króna á milli ára. Hlutur fasteignagjalda í húsnæðiskostnaði var 316 milljónir. Húsnæðiskostnaður hækkaði um tæp 21% á milli ára en þróunin kostnaðar frá 2019 er rétt undir hækkun verðlagsvísitölu á tímabilinu.

Laun og launatengd gjöld námu tæpum 628 milljónum króna og hækkuðu um 144,3 milljónir króna milli ára, eftir að hafa lækkað töluvert árin 2020 og 2021 vegna fækkunar á stöðugildum

á tímum Covid. Hækkunin frá 2019 á þessum lið er 20% - en til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um tæp 35% á sama tímabili.

125 starfsmenn voru á launaskrá hjá samstæðunni á árinu 2022 og er það fjölgun um 8 frá fyrra ári. Eftir fækkun stöðugilda 2020 og 2021 fjölgar þeim nú aftur og voru stöðugildin 48 borið saman við 35 árið 2021. Til samanburðar þá voru stöðugildin 47 á síðasta hefðbundna árinu fyrir heimsfaraldurinn.

Fastráðið starfsfólk í lok árs skiptist í 23 konur og 28 karla og starfsfólk í tímavinnu í 45 konur og 18 karla.

Kynbundinn launamunur heildarlauna var mældur og reyndist hann vera 1,4% þar sem hallar á konur. Er það ánægjuleg lækkun á milli ára og innan þeirra markmiða sem félagið hefur sett sér í þessu efni.

Annar rekstrarkostnaður var rúmlega 639 milljón krónur í samanburði við 367 milljónir árið 2021. Munurinn er mestur í aðkeyptri þjónustu og öðrum kostnaði vegna mun umfangsmeira viðburðahalds eins og endurspeglar í tekjuliðnum.

Nánari sundurliðun og þróun á gjöldum Hörpu sést svo hér á þessum myndum og jafnframt hver hlutföll mismunandi kostnaðarpátta voru.

Tap að fjárhæð 116,5 milljónir króna varð af heildarstarfsemi samstæðunnar á árinu að teknu tilliti til tekjuskatts, afskrifta og fjármagnsliða, samanborið við 162 milljóna króna tap á árinu 2021.

## **Efnahagur**

Fastafjármunir samstæðunnar - sem innibera einnig langtímafjáreign samkvæmt samningi við íslenska ríkið og Reykjavíkurborg frá 2013 - nema 32.7 milljörðum króna. Samstæðan eignfærir framlagið til mótvægis við langtímaskuld í formi skuldabréfs, sem gefið var út vegna byggingar Hörpu, en framlagið er beintengt þeirri skuld. Langtímafjáreignin er framlagið fært til núvirðis með 3,55% vöxtum, sem eru sömu vextir og af langtímaláninu.

Helstu hreyfingar á milli ára eru annars vegar eignfærsla á skipulagsgjaldinu eins og áður er getið og virðisrýrnun fasteignar um sömu upphæð og svo hækkun á langtímafjáreign vegna mikillar verðbólgu á síðasta ári.

Handbært fé hækkaði á milli ára um rúmar 131 milljónir og nam rúmum 1.240 milljónum. Vert er að geta þess að í þessum tölur eru um 420 milljónir vegna miðasölu og fyrirfram innheimtra viðburðatekna í vörslu – en ekki í eigu Hörpu. Með veltufjármunum nema eignir samstæðunnar því samtals rúmum 35 milljörðum króna og er það hækkun upp á 1.481 milljón króna.

Eigið fé lækkaði á milli ára um 117 milljónir og stóð í rúmum 10.8 milljörðum. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 31% í árslok 2022.

Langtímaskuldir, sem eru fyrst og fremst skuldabréfið vegna stofnkostnaðar við byggingu Hörpu, hækkuðu um 1.275 milljónir króna á milli ára, og námu rúmum 22,5 milljarði króna. Skammtímaskuldir hækkuðu einnig en ársafborgun af skuldabréfinu er m.a. færð undir þessum lið.

Heildarskuldir samstæðunnar hækkuðu þannig um tæpar 1.598 milljónir króna og námu í árslok 24,2 milljörðum.

Eigið fé og kuldir námu samtals rúmlega 35 milljörðum króna samanborið við 33.5 milljarða króna á fyrra ári.

Skattaspor samstæðunnar nam í heild 971 milljón króna – þar af gjaldfært hjá félaginu 420 milljónir króna og nettó virðisaukaskattur að fjárhæð 166 milljónir króna.

Greiddir skattar skiptast í eftirfarandi hlutföllum – sveitarfélög 51,9% og ríkissjóður 48,1%.

Í skýrslu stjórnar kemur fram að allt frá árinu 2013 hafa íslenska ríkið og Reykjavíkurborg lagt Hörpu til rekstrarframlag og hefur það verið forsenda þess að rekstur samstæðunnar gangi. Rekstrarframlag eigenda á undanförunum árum byggir á viðauka við samning Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar, um rekstur og starfsemi Hörpu, dagsettum þann 23. maí 2017. Framlög eigenda árið 2023 samkvæmt heimildum í fjárlögum og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar munu tryggja rekstrarhæfi samstæðunnar að óbreyttu út árið 2023. Líkt og formaður nefndi er stefnt að undirbúningi langtímasamnings um rekstur og starfsemi Hörpu.

Að þessu sögðu læt ég lokið yfirferð minni um ársreikning samstæðunnar og vísa að öðru leyti til ítarlegra skýringa og frekari sundurliðana í reikningnum.

## **Starfsemin**

Þrátt fyrir að áhrif heimsfaraldursins hafi gert viðburðahald ómögulegt fyrstu 2 mánuði ársins og haft önnur langvarandi áhrif sem þegar hefur verið grein fyrir - fóru fram 1267 viðburðir í

Hörpu samanborið við 867 árið áður. Er þetta fjölgun um 47% og nánast á pari við fjöldann árið 2019 – en eins og áður er getið voru tekjur af viðburðahaldi verulega mikið hærri en árið 2019 eða sem nemur 47% og skýrist það m.a. að mörgum umfangsmiklum alþjóðlegum viðburðum með mikla veltu.

783 tónleikar og aðrir listviðburðir fóru fram í Hörpu á árinu – þar af hélt Sinfóníuhjómssveit Íslands 96 tónleika, Íslenska óperan 15 sýningar og tónleika. Tónleikar og listviðburðir á vegum annarra en SÍ og ÍÓ reyndust 540 talsins. Fjöldi leiksýninga af ýmsu tagi var 132. Heildarfjöldi listviðburða óx um 69% á milli ára.

Fjöldi ráðstefnutengdra viðburða var 452 en það innifelur auk ráðstefna m.a. fundi, veislur og móttökur. Fjöldi slíkra viðburða árið áður var 324 og var því 40% vöxtur á milli ára.

Evrópsku kvikmyndaverðlaunin sem fresta þurfti ítrekað vegna heimsfaraldursins voru tvímælalaust umfangsmesti viðburður ársins og báru út hróður Hörpu sem viðburðahúss á heimsmælikvarða.

Upplifunarsýningin Hringátta, sem Harpa stendur fyrir í samstarfi við erlendan aðila laðaði til sín rúmlega 15 gesti á fyrsta heila árinu í rekstri.

Harpa leggur ríka áherslu á barnamenningu og að húsið sé fjölskylduvænn áfangastaður.

Heildarfjöldi viðburða sem tengjast barnamenningu voru vel á annað hundrað - en í mars voru Hljóðhimnar opnaðir sem er tónlistartengt upplifunar- og fræðslurými fyrir börn. Hljóðhimnar er verkefni sem við erum afar stolt af og leiddi saman mikinn fjölda samstarfsaðila.

Um 186 þúsund aðgöngumiðar voru afgreiddir í gegnum miðasölu Hörpu á árinu samanborið við um 127 þúsund árið 2021 - en umtalsvert fleiri eða 232 þúsund árið 2019. Þótt listviðburðir hafi verið fleiri í fyrra en árið 2019 munar ansi miklu á því að miðasala hafi náð fyrri styrk.

Heildarvelta miðasölu í Hörpu nam um 1.242 milljónum króna og tvöfaldaðist samanborið við 685 milljón króna árið 2021. Til samanburðar var veltan 1.294 milljónir á árinu 2019 og að teknu tilliti til verðlagsþróunar má sjá að samdrátturinn nemur um 20% frá þeim tíma.

Þetta er óneitanlega áhyggjuefni fyrir tónlistarlífið í landinu – en endurspeglar alþjóðlega þróun.

Umfang starfsemi Hörpustrengja – dótturfélags Hörpu jókst á milli ára og tók dagskrárráð til starfa sem er ráðgefandi um framkvæmd dagskrárstefnu

Hörpu. Stjórn Hörpu skipar ráðið eftir tilnefningar frá fagfélögum á sviði tónlistar. Samhliða því var Listráð Hörpu lagt niður.

Kyiv Grand Ballet frá Úkraínu sýndi Hnotubrjótinn í Eldborg í samstarfi við Sinfóníuhjómssveit Íslands og var fjölbreytt, fjölskylduvænt viðburðahald í forgrunni á árinu. Upptakturinn - tónsköpunarverðlaun unga fólksins hlaut alþjóðleg verðlaun fyrir að hvetja til þátttöku barna og ungs fólks í listsköpun.

### **Harpa - ávallt á heimsælikvarða**

Harpa gefur nú út í fyrsta sinn árs- og sjálfbærnisráðgjafur samhliða ársreikningi. Í skýrslunni er að finna áhugaverða kafla um fjölbreytta starfsemi ársins 2022 og upplýsingar um sjálfbærni í samhengi við umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) í samræmi við leiðbeiningar frá Nasdaq ESG Reporting Guide sem gefnar voru fyrst út í mars 2017.

Harpa hefur þegar sett sér markmið um að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og var í hópi þeirra 100 íslensku fyrirtækja sem undirrituðu yfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar um loftslagsmál í tengslum við Parísarsáttmálann árið 2015.

Skuldbindingin felur í sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum og mæla árangurinn.

Á síðustu árum hefur félagið starfað í samræmi við umhverfis – og loftslagsstefnu og hefur undir forystu starfsfólks lokið öllum 5 Grænum skrefum Umhverfisstofnunar. Þannig hefur öflugt umhverfisstarf verið innleitt með kerfisbundnum hætti og er árangurinn reglulega tekinn út.

Önnur mikilvæg skref á sjálfbærnisvegferð okkar er Svansvottun ráðstefnuaðstöðu Hörpu árið 2022 auk þess sem hafin var innleiðing á völdum sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Og umhverfisstarfið nær til allra þátta rekstursins. Þannig var á árinu 2022 m.a. innleitt ný skjalavistun og bókhaldskerfi sem meðal annars styður við umhverfisstefnu og sjálfbærni, en allir reikningar frá Hörpu eru nú sendir rafrænt og 95% birgja senda jafnframt rafræna reikninga. Það munar um það í svona stórum rekstri.

Tilgangur Hörpu er að skapa menningarleg, efnahagsleg og samfélagsleg verðmæti fyrir eigendur sína, sem eru landsmenn allir. Það gerir félagið með því að rækja hlutverk sitt af metnaði og alúð. Sem heimavöllur og heimssvið tónlistarinnar, framúrskarandi ráðstefnuhús í alþjóðlegri samkeppni og listaverk í almannaeigu ber Harpa ríkar skyldur til að ganga á undan með góðu fordæmi þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð og innleiðingu sjálfbærni í alla þætti starfseminnar. Starfsfólk Hörpu er í leiðtogahlutverki í þessum spennandi og mikilvægu

verkefnum sem munu auðga starfsemi og samfélagslegt framlag Hörpu á komandi árum svo um munar.

Fyrir ári stóð ég í þessari pontu og lýsti þeirri trú að tími varnarsigra væri vonandi að baki – en tími sóknarinnar runninn upp. Síðasta ár sýndi svo um munaði að spáin gekk eftir. Ég trúí því að besta ár Hörpu sé framundan. Mannauðurinn er okkar mesti styrkur – framúrskarandi fólk sem er samstíga um að tryggja að Harpa þjóni samfélaginu sem allra best. Ég vil þakka þeim fyrir þrautseigjuna og metnaðinn sem er grundvöllur árangurs okkar á síðasta ári – og sömuleiðis stjórn og eigendum fyrir ómetanlegan stuðning og aðhald.

26. apríl 2023

Svanhildur Konráðsdóttir